

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING
Reykjavík, 25. apríl 2008 02-2008040832
TILVÍSUN
T-ums 14/08

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum - 525. mál - EES reglur, rafræn skráning upplýsinga.

Ríkisskattstjóri hefur þann 14. apríl 2008 móttengið bréf yðar dagsett 10. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög - 525. mál.


Með frumvarpinu eru lagt til að í hlutafélagalög og einkahlutafélagalög verði kveðið á um að unnt verði að veita upplýsingum úr Hlutafélagaskrá með rafrænum hætti. Þá er jafnframt lagt til með frumvarpinu að heimilt verði að senda tilkynningar og fylgiskjöl til Hlutafélagaskrár með rafrænum hætti og að þannig sending hafi sama gildi og tilkynningar sem sendar eru á skriflegu formi.


Ríkisskattstjóri, sem starfrækt hefur Hlutafélagaskrá frá 1. júlí 2003, skv. lögum nr. 17/2003, fagnar framkomu frumvarpsins enda hefur embættið lagt metnað í að vera leiðandi í hvers kyns rafrænni þjónustu og telur að þær breytingar sem lagðar eru til á hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum séu liður í því að veita betri þjónustu, þrátt fyrir að þær breytingar sem frumvarpið kveður á um séu að mörgu leyti yfirborðskenndar.

Í dag er unnt að skrá ný hlutafélög og einkahlutafélög hjá Hlutafélagaskrá að hluta til með rafrænum hætti. Sá hugbúnaður gerir ráð fyrir að öll skjöl séu búin til á pappír, undirrituð og skönnuð með tilkynningunni til skrárinnar. Tölvukerfið gerir þannig ekki ráð fyrir að rafrænar undirskriftir séu notaðar. Það er mat embættisins að rafrænar undirskriftir séu forsenda þess að unnt sé að tala um rafræna skráningu og miðlun upplýsinga með rafrænum hætti. Þá gerir hugbúnaðurinn ekki ráð fyrir þeim möguleika að aukatilkynningar geti borist rafrænt. Að mati ríkisskattstjóra er ljóst að gera þurfi umtalsverðar breytingar, með tilheyrandi kostnaði, á því tölvukerfi sem fyrir hendi er, eigi rafræn skráning og rafræn miðlun upplýsinga úr Hlutafélagaskrá að vera með fullnægjandi hætti. Að síðustu bendir ríkisskattstjóri á að setja þurfi ítarlegri lagaákvæði um rafræna skráningu upplýsinga þar sem

Hlutafélagaskrá yrði m.a. veitt heimild til að setja vinnureglur um skráningu og form hennar.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Skúli Jónsson


Guðrún J. Jónsdóttir